

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn FAS um skýrslu stýrihóps um vetrarþjónustu

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um skýrslu stýrihóps um vetrarþjónustu. Um er að ræða 16 tillögur og um 40 aðgerðir sem ná allt frá því að auka þjónustustig húsgatna og biðstöðva almenningssamgangna yfir í að bæta upplýsingaflæði og innleiða óveðursviðbúnað. Með skýrslunni fylgir tillaga að innleiðingartíma og kostnaðarmat.

Heildarkostnaðarmatið er sundurliðað í árlegan rekstrarkostnað sem áætlaður er um 190 m.kr. og svo einskiptis innleiðingarkostnað sem áætlaður er 45 m.kr. og fellur til á árunum 2023 og 2024. Vakin er athygli á því að sumar tillögur geta framkallað sparnað og eftir tilvikum umhverfislegan- og samfélagslegan ávinning. Hvorki hefur verið lagt mat á sparnaðinn né fjárhagslegan ábata af umhverfis- og samfélagslegum ávinningi. Í skýrslunni er lagt til að það verði gert þegar aðgerðirnar hafa verið útfærðar nánar. Eftirfarandi tafla sýnir kostnaðarmatið eftir tillögum:

Nr	Tillaga	Árl. kostn.	Einskiptisk.	Tími
1	Hækka þjónustustig húsgatna við snjóhreinsun	78	7,5	2023-2024
2	Bæta snjóhreinsun gönguleiða, stoppistöðva og rútustæða í miðborg	60	5	2023-2024
3	Skilgreina verklag í tengslum við klakamyndun á hituðum götum	0	1,5	2023
4	Finna lausn á vetrarþjónustu gönguleiða í Vesturbæ og Þingholtunum	0	3	2023
5	Endurskoða verklag í tengslum við snjómokstur	0	5	2023
6	Þjónustustig taki mið af magni snjókomu	0	3	2023-2024
7	Stuðla að því að væntingar séu í takti við það þjónustustig sem unnið er eftir	2	0	2023-2024
8	Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu	0	1,5	2023-2024
9	Bæta verklag við snjóhreinsun í samstarfi við þá verktaka sem henni sinna	0,5	1	2023
10	Efla samstarf við sveitarfélög og Vegagerðina	1,5	0	2023
11	Efla eftirlit í vetrarþjónustu	50	3	2023-2024
12	Nota tæknina til hins ítrasta til að stuðla að bættri upplýsingagjöf og mæla árangur	0	5	2023-2024
13	Endurskoðun á útboðssamningum	0	2	2023
14	Rýni vetrarþjónustu í nýju skipulagi og við endurhönnun gatna	0	3	2023
15	Bæta móttöku og svörun ábendinga	0	1	2023
16	Skoða fýsileika á forvirkum aðgerðum til að koma í veg fyrir snjósöfnun	0	3	2023
Samtals		192	45	

Tafla 1: Kostnaðarmat á tillögum stýrihópsins

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki náð að sannreyna útreikninga og forsendur að baki kostnaðarmatsins og hefur því ekki náð að leggja sjálfstætt mat á réttleika fjárhæða. Tillögurnar fela þó í sér töluverðan kostnaðarauka enda er verið að leggja til hækkun á þjónustustigi vetrarþjónustu. Í skýrslunni kemur fram að þó nokkur óvissa er í kostnaðarmatinu þar sem veðuraðstæður eru breytilegar milli ára.



Eins og sést í töflu 1 þá eru það aðallega 3 tillögur sem skýra stærsta hluta kostnaðarukans þ.e. tillögur 1, 2 og 11. Samtals er árlegur rekstrarkostnaður við þessar þrjár tillögur 178 m.kr. (af 192 m.kr.) og einskiptiskostnaður 15,5 m.kr. (af 45 m.kr.). Eftirfarandi er umfjöllun um þær aðgerðir sem hafa mest fjárhagsleg áhrif:

- *Aðgerð 4.1.1.2 Fjölga tækjum til að hreinsa húsagötur innan 48 klst*

Aðgerðin snýr að því að tækjum sem sinna snjóhreinsun húsagatna verði fjölgað þannig að hægt verði að klára hreinsun að jafnaði innan 48 klst eftir að snjókomu lýkur. Í dag eru um 25 tæki sem sinna hreinsun húsagatna en heildarlengd ruðningsleiða er um 414 km. Kostnaðarukinn felst helst í svokölluðu viðverugjaldi þ.e. að samningar séu gerðir við fleiri tæki til að vera til taks. Þó nokkur óvissa er um kostnaðarukann þar sem fara þarf í útboð og því gæti heildarkostnaður við tillöguna reynst annar. Einnig er vakin athygli á því að stærstur hluti kostnaðarukans er fastur kostnaður sem þarf að greiða óháð því hversu mikið snjóar.

Kostnaðarmat: 75 m.kr. á ári

- *Aðgerð 4.1.11.1 Ráða starfsmenn í eftirlit með vetrarþjónustu*

Aðgerðin snýr að því að ráða inn eftirlitsmenn í vetrarþjónustu sem sinna eftirliti allan sólarhringinn. Hlutverk eftirlitsmanna er að tryggja sólarhringsvöktun á færð vega sem og að hafa það hlutverk að fylgjast með verklagi og framgangi vetrarþjónustu á vettvangi í borgarlandi. Óljóst er hvort um sé að ræða innvistun starfsmanna eða útvistun en bent er á að þar sem verkefni vetrarþjónustu eru mismikil milli ára kann að vera hagkvæmara að útvista þessari þjónustu.

Kostnaðarmat: 50 m.kr. á ári

- *Aðgerð 4.1.2.5 Fjölga stöðugildum í dráttarvéladeild*

Aðgerðin snýr að því að stöðugildum í dráttarvéladeild borgarinnar sé fjölgað til að tryggja áreiðanleika í vetrarþjónustu á hjólastígum borgarinnar. Heildarlengd ruðningsleiðir hjólastíga er um 82 km og hafa þær stækkað töluvert á undanförunum árum. Þar sem veðuraðstæður eru breytilegar milli ára mætti skoða hvort hægt væri að ná markmiðum aðgerðarinnar á hagkvæmari hátt í gegnum verktöku.

Kostnaðarmat: 35 m.kr. á ári

- *Aðgerð 4.1.2.4 Bjóða út snjóhreinsun biðstöðva og rútustöðva*

Aðgerðin felur í sér að bjóða sérstaklega út snjóhreinsun biðstöðva og rútustöðva í miðborginni. Kostnaðurinn felst að mestu í viðverugjaldi og er því um að ræða fastan kostnað sem þarf að greiða óháð snjómagni. Mikilvægt er að skoða hvort hægt sé að fjármagna þessa þjónustu í gegnum gjaldtöku.

Kostnaðarmat: 15 m.kr. á ári

Vakin er athygli á því að raunkostnaður umhverfis- og skipulagssviðs til að sinna núverandi þjónustustigi hefur verið umfram fjárheimildir síðustu árin. Ef horft er á meðaltal síðustu 5 ára



Reykjavíkurborg

vantar um 337 m.kr. upp á að fjárheimildir standi undir kostnaði. Mikilvægt er að fjármagna núverandi þjónustu að fullu áður en þjónustustigið er aukið. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að ekki hefur verið gert ráð fyrir viðbótarkostnaði umfram núverandi fjárheimildir í gildandi fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar. Verði tillagan samþykkt er því mikilvægt að skoða hvort hægt sé að fjármagna hana með breyttri forgangsröðun á umhverfis- og skipulagssviði. Einnig er mikilvægt að þær aðgerðir sem samþykktar verða séu endurmetnar að reynslutíma loknum og að gerð verði kostnaðar- og ábatagreining þar sem bæði verði horft til mögulegs sparnaðar og fjárhagslegs ábata af umhverfis- og samfélagslegum ávinningi.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs